

# HEIMIR



V. árgangur

WINNIPEG, 1909.

10. blað.

## Visur.

ÞAK við illsku og óhug manna—  
yста myrkur hugarþels,  
ris af brúnum rökkurhranna  
roði lífsins fagrahvels.

þegar synd er synd, og glæpur  
svik og prettur, hvar sem finnst,  
þá mun Rögur, dæmdur dræpur,  
drepiinn þegar varir minnst.

Vinar orð i auga þýðu  
eru þá og burtu tál,  
þegar út úr brossins bliðu  
blómsturknappi horfir sál.


KRISTINN STEFÁNSSON.



# RANNSÓKN OG LÍFSSKOÐANIR.

Eftir

GUÐMUND ÁRNASON.



ARGOFT hefir það verið sagt, að lífsskoðanir séu manninum jafngamlar, að hann hafi frá byrjun reynt að gjöra sér grein fyrir einhverjum óséðum virkileika, er stæði í sambandi við hinn sýnilega heim hans og einstaklingslíf. Það mun óhætt að fullyrða, að í þessari staðhæfingu sé oflangt gengið. Í raun og veru er ómögulegt að hugsa sér, að nokkrar lífsskoðanir í orðsins rétta skilningi, eða nokkur umhugsun um hina ósýnilegu tilveru hafi verið til, fyr en maðurinn komst á það andlegt þroskastig að geta rakið sambandið milli orsaka og afleiðinga að einhverju leyti. Alt það, sem vér nú vitum um æfiferil mannsins á jörðinni og uppruna hans, bendir á, að hann hafi lengi verið að þroskast frá sínu upprunalega dýrsástandi, þar til hann fór að skilja samhengi hlutanna í kring um sig svo vel, að hann setti þá í orsaka og afleiðinga samband hvern við annan; og ennþá lengur þar til hann fann sig knúðan til að gera ráð fyrir óþekktum orsökum þess sem hann þekkti, en þá fyrst getur verið um lífsskoðanir í eiginlegum skilningi að ræða.

Allar lífsskoðanir hafa efalaust byrjað þannig, að mennirnir hafa fyrst leitað að orsökum þeirra hluta og viðbuviða, sem þeir hafa skynjað í umheimi sínum. Hvort sem að hin elztu trúarbrögð hafa verið forseðradýrkun, eða náttúrudýrkun, eða eitt-hvað annað, er áreiðanlegt að dýrkunin hefir altaf byrjað þannig, að það sem dýrkað var, var á einhvern hátt skoðað seni orsök þeirra hluta, er stóðu í nánu sambandi við lífð sjálft; og á frumstigum mannlífsins voru þeir hlutir auðvitað hin ytri lífskilyrði. Sambandið milli þessara lífsskilyrða og lífsins sjálfs verður fljótt auðsætt, og þarfleidandi lærir maðurinn snemma að skoða sjálfan sig sem einn liðinn í orsaka og afleiðinga keðj-

unni, en þar sem að einstaklingstilvera hins sjálfsmeðvitandi manns, gagnvart heiminum, er eins afmörkuð og hún er, er mjög ólíklegt að maðurinn hafi í byrjun gengið út frá sjálsum sér, sem miðdepli þess heims, er hann lífði í.

Upphaflega, og sjálfsagt lengi niður eftir öldum, átti engin skifting sér stað, hvorki í þekkingu né lífsskoðunum. Trúarbrögð, heimspeki, vísindi og síðferðishugsjónir voru ekki sundur greind vegna þess, að þörfin á að greina þau sundur var ekki fyrir hendi. Maðurinn leitaði að vitsmunalegri útskýringu á þeim hlutum, sem voru innan takmarka reynslu hans, þessar útskýringar náðu smámsaman útyfir hans eigin tilveru og heimsheildina, eins og hann þekkti hana, þær voru hans trú, og lífsreglur sínar setti hann í samband við þær, enda þó að þær hefðu myndast sjálfrátt af kringumstæðum þeim, sem hann hafti lisað undir. Práin að finna tilgang og þýðingu í samhengi hlutanna og rás viðburðanna gerði hverja skoðun þeim viðvíkjandi að trú, sem gaf lífinu einhverja ákvæðna þýðingu. Þess vegna voru hinar elztu lífsskoðanir samblanda af mörgu, sem síðar aðskilst og veður hvað öðru andstætt, undir kringumstæðum, sem aukin þekking hefir í för með sér.

Þetta elzta stig lífsskoðana mannsins má skoða sem jarðveg, er tvær hinar ólíkstu tilhneicingar alls andlegs lífs hafa vaxið upp úr. Á aðra hönd er rannsóknin, sem er orsök þess, að maðurinn gjörir sér nokkra grein fyrir eðli hlutanna, og á hina er barnaleg trúgírnistilhneicing, sem gerir honum erfitt að sleppa nokkru því, er hann hefir einu sinni lagt trúnað á. Rannsóknin, sé hún ekki hindruð, leiðir vanlega af sér einhverjar nýjar ályktanir og tilgátur, sem verða að þekkingu, þegar þær fá almenna viðurkenningu. En hún lætur ekki staðar numið, hún leitast altaf við auka við þekkinguna, sem frá hennar sjónarmiði er ófullkomin. Af trúgírnistilhneicingunni aftur á móti leiðir það, að vissar hugmyndir eru viðurkendar að hafa eilífan og óumbreytanlegan sannleik að geyma, við þær þarf engu að bæta, og þær afleiðandi er rannsókn, að svo miklu leyti sem hún snertir þær, ekki einungis óþörf heldur einnig röng. Á þessum tveimur tilhneicingum hvílir frjálslyndi og asturhald allra alda í

hvaða málum sem er. Frjálslyndi og rannsókn eru óaðskiljanleg; afturhaldið astur á móti er rannsókninni mótfallið, vegna þess, að sé einu sinni rannsakað getur sannleiksgildi hinna viðurkendu hugmynda verið hætta búin.

Samkvæmt þessum tveimur tilhneicingum eru tvær aðalstefnur ráðandi í hugsunarhætti manna yfirleitt, og þessar tvær stefnur koma hvergi í sögunni betur í ljós en í framþróun vísindanna og í rétttrúnaði kyrkjunnar.

Vér þekkjum trúarbrögð ýmsra fornþjóða í gegnum goðasagnir þeirra og önnur ritverk. Flest þessi trúarbrögð eru sambland af sannindum byggðum á lífsreynslu og hugmyndum um eitt og annað, sem við engan virkileik hafa að styðjast. Trúarbrögð þessi hafa auðvitað orðið til smám saman, þau hafa þroskað í gegnum margar kynslóðir og bera á sér einkenni lífskjara þeirra, sem þessar kynslóðir hafa átt við að búa. Þær hugmyndir í þeim, sem frá voru sjónarmiði eru ekkeit annað en ímyndun þekkingarlítilla manna, voru þeim, sem þær hugsuðu, sannleikur, og þar sem þær voru frá þeirra sjónarmiði, sannleikur, voru þær náttúrlega viðteknar, þeim var trúad. Saman við þær var svo lífsreynslan ofin, og það, sem í fyrstu var til aðeins í hugum einstakra manna, gat útbreiðst og orðið almennings eign. Flest, ef ekki öll söguleg trúarbrögð, sem vér þekkjum, hafa um einhvern tíma verið viðurkend trúarbrögð þjóða og ríkja. Orsakirnar til þess að þau hafa þannig verið viðurkend eru margar, en þó er sú sjálfsagt þýðingarmest, að stjórnendur þjóða og ríkja hafa séð valdi sínu bezt borgið á þann hátt að ljá þeim, sem flesta áhangendur hafa haft, fylgi sitt. Með tímanum hafa þau svo orðið fyrir fjöldanum eitt af því, sem vani og hefð hefir gefið óraskanlegt gildi, þau hafa verið skoðuð sem eitt af hinum óhjákvænilegu stofnunum mannfélagsins, og aldurinn hefir verið álitinn óyggjandi sönnun fyrir sannleiksgildi þeirra. En þrátt fyrir það hversu djúpar rætur lífsskoðanir þær, sem þessi gömlu trúarbrögð hafa inni að halda, hafa fest í hugum manna, hafa þó sömu forlögin beðið þeirra allra. Þekkingar þyrstar sálar hafa haldið áfram að rannsaka, við það hefir þekkingin aukist, og að sama skapi hafa hinar viðtekuu lífsskoðanir

mist gildi sitt. Þeir, sem hafa rannsakað, hafa sjaldan gjört það með þeim ásetningi að eyðileggja viðteknar skoðanir, heldur vegna þess að þeir hafa fundið innri hvöt hjá sér til að auka sína eigin og annara þekkingu á heiminum. Og rannsóknir þeirra hafa heldur aldrei í raun og veru eyðilagt eldri líffskoðanir. Í þeim hefir jafnan verið margt, sem hefir getað lifað áfram og jafnvel haldið gildi sínu óskertu þó nýr sannleikur hafi komið í ljós. En það, sem þekkingin hefir gjört að verkum, hefir verið, að vissar skoðanir, sem hafa verið óaðskiljanlegar frá eldri þekkingarstigum, hafa horfið úr tölu hinna lisandilífsskoðana og orðið að leifum líðins hugsunarháttar.

Í hvert sinn, sem svona hefir staðið á, hefir baráttá á milli forvígismanna rannsóknarinnar og hinna asturhaldssömu átt sér stað. Hinrar viðteknar líffskoðanir hafa verið varðar á margan hátt; nauðsyn þeirra fyrir hið siðferðislega líf manna og yfirnáttúrlegur uppruni hafa oft verið helztu varnarmeðolin. Baráttá þessi heldur áfram, unz hinat nýju skoðanir hafa náð svo mikilli útbreiðslu að þeir, sem halda hinum eldri fram gagnvart þeim, geta ekki lengur rönd við reist. Flokkaskiftingin, sem æ og alstaðar er að finna, þar sem menn eru komnir á hátt andlegt þroskastig, er hið ytra einkenni þessarar baráttu í þjóðlífssinu. Að vísu liggja fleiri orsakir flokkaskiftingunni til grundvallar, og margar þeirra eru ógögðugar, en því verður þó ekki neitað, að þar sem aðal orsakir hennar eru frjálslyndi og asturhaldsseimi, sýnir hún að minnsta kosti viðleitni einhverra til að láta sér miða áfram í andlegum skilningi. Yfir höfuð er flokkaskifting óhjákvæmileg, og án hennar ætti engin framför sér stað; ókostir hennar eru ávextir af skammsýni manna og egingirni.

Oss hættir oft við að álíta að rannsóknin sé ný í heiminum. Að svo er ei, ber breyting og framför ýmsra eldri trúarbragða vott um. T. d. er framförin, sem líffskoðanir Forn-Grikkja bera með sér, mjög eftirtektarverð. Hin elztu trúarbrögð þeirra eru gróf fjölgýðistrú. En vegna áhrifa þeirra, sem hún varð fyrir frá hlið vísindanna, sem Grikkir stóðu framar í en nokkur önnur fornþjóð, breyttist hún smám saman í líffskoðanir þær, sem vér finnum meðal Stóíkanna og annara heimspekinga, er reyndu að

láta heimspekiskoðanir koma í stað trúarskoðana. Saniskonaframför á sér einnig stað í lífsskoðunum Hebrea, frá því að saga þeirra hefst og þar til þeir missa þjóðarsjálfstæði sitt fyrir fult og alt. Að vísu var ekki um neina vísindarannsókn að ræða hjá þeim, en í stað hennar komu viðskiftin við aðrar þjóðir, sem einkenna alla sögu þeirra, og sem höfðu mjög viðtæk áhrif á allar þeirra lífsskoðanir. Spámenn þeirra voru hinir frjálslyndustu menn þeirra, sem börðust á móti þróngsýni því, er gekk í gegnum allar þeirra upprunalegu trúarhugmyndir og sem prestarnir héldu dauðahaldi í.

Það mætti tilnefna fleiri trúarbrögð, sem sýna að framþróun lífsskoðananna í gegnum einhverskonar rannsókn og aukna þekkingu er mjög gömul. Enda gæti ekki annað verið, þar sem að undirrót hennar liggar í hinni allra elztu viðleitni að þekkja, sem vér getum gjört oss grein fyrir að hafi átt sér stað. Hún er svo eðlileg að það er undravert að menn skuli nokkurn tíma hafa án hennar verið.

Miðaldirnar hafa réttilega verið nefndar hið myrka tímabil sögunnar. Ekki vegna þess, að svo lítið væri hugsað á miðoldunum, því hugsunarleysi er alls ekki einkenni þeirra, heldur vegna hins, að þá var ekkert rannsakað. Þekkingu manna fer ekkert fram á miðoldunum, það bætist ekkert við það sem þeir vissu áður. Því hefir of verið haldið fram, að kristindómurinn hafi verið orsök miðaldamyrkursins, en það má óhætt fullyrða, að margar aðrar orsakir komi þar til greina. Mentun og vísindi geta ekki átt sér stað, þar sem baráttan fyrir lífinu og hernaður útheimta alla þá krafta sem til eru, en einmitt þannig voru lífshættir Norðurálfu þjóðanna í byrjun miðaldanna. Þó verður því ekki neitað, að í hinum upprunalega kristindómi liggar ein- orsókin til þess andlega ástands, sem einkennir miðaldirnar. Kenningin, um eyðileggingu þessa heims og framtíðarlíf hinumegin grafarinnar, sem þetta líf átti aðeins að vera undirbúningur fyrir, hlaut að skapa hugsunarhátt, semi skoðaði þetta líf aðeins sem meðal en ekki sem tilgang. Pessi hugsunarháttur fæddi aftur af sér klaustralíf og kyrkjuváld miðaldanna, sem létt ekki bregðast, þegar það var búið að ná föstum tökum á

vilja og sjálfstæði manna, að byggja sjálft upp heimsvald, er setti takmörkin, sem það kepti að, nær sér en upprunalega hafði verið. Kenningin sjálf á rætur sínar að rekja til lífskjara Gyðingaþjóðarinnar undir stjórni keisaradæmanna, sem hún var undirgefín, og ástand rómverska keisaradæmisins á þeim tímum sem kristna hreyfingin kom til sögunnar var vel fallið til þess að afla henni fylgis. Þessi lífsskoðun kristninnar og menningar ástand allra vestur-þjóðanna, eftir að grískar menningin leið undir lok, leiddi af sér rannsóknarleysi og trúgirni, semi voru hinn beztí jarðvegur fyrir allskonar hjátrú og hindurvitni. Í guðfræði kyrkjunnar voru aldrei neinar nýjar né frumlegar skoðanir. Hún bygði gnðfræði sína á trúarskoðunum hinna fyrstu kristnu manna og heimspeikiskenningum Aristotelesar, er voru þannig lagaðar, að auðvelt var að sameina þær hinum kristnu trúarskoðunum. En hugsjón kyrkjunnar var, að allir menn skyldu aðhyllast guðfræðiskenningar sínar, þær áttu að verða lífsskoðanir og trú allra. Til þess að framkvæma þessa hugsjón varð kyrkjan að beita öllum sínum kröftum, hún varð að ofsækja þá, sem vildu trúua öðru en því, sem hún fyrirskipaði, eða, að öðrum kosti, að kannast við að hugsjón sín, um eina trú, væri röng, og þá um leið, að kenningar sínar væru ekki óskeikular. Beinasti vegurinn var, að taka fyrir rannsókn, þar sem hún gjörði vart við sig, að koma í veg fyrir að menn fengju ástæður til að mynda sér nokkrar nýjar skoðanir. Á fyrri hluta miðaldanna þurfti þess ekki með, en á síðari hluta þeirra, er menn byrjuðu að vakna af svefninum, urðu þeir, sem á einhvern hátt vildu rannsaka, að þola ofsknir frá kyrkjunnar hendi.

Það var þess vegna óhjákvæmilegt að rannsóknin og allar þær hreyfingar, sem henni voru samfara, snerust öndverðar á móti kyrkjunni, þegar þeim óx svo fiskur um hrygg að þær gátu boðið valdi hennar byrginn. Rannsóknarstefnan byrjar á 15. og 16. öldinni með því, að menn fara að rannsaka mentunar- og trúarlegt ástand eins og það var fyrir daga kyrkjunnar, og af því leiddi, að við hlið klaustramentunarinnar reis upp ný mentun, mentun Húmanistanna svonefndu, sem dró næringu sína frá hinni fornu grísk-rómversku mentun, og við hlið kyrkjutrúar-

innar risu upp trúarskoðanir síðabótarmanna, sem byggðu skoðanir sínar á kenningum biblunnar. Frá sögulegu sjónarmiði skoðað voru þessar tvær hreyfingar rannsóknarhreyfingar, vegna þess, að báðar urðu til vegna rannsóknar á skoðunum kyrkjunnar og samanburðar við aðrar skoðanir, sem kyrkjan hafði annaðhvort fyrirdæmt eða skilið á þann hátt, sem henni var hentugast. En samt sem áður mega þær fremur skoðast sem fyrirboðar þeirrar rannsóknar, sem á síðari tínum hefir haft gagngerðust áhrif á lífsskoðanir manna, nefnilega náttúrunfræðirannsóknirnar. Eins og allir vita, varð eftir stuttan tíma sára lítil munur á hinni eiginlegu afstöðu mótmælenda kyrkjunnar og kaþólsku kyrkjunnar, hvað trúarbragðalegu frjálslyndi viðvíkur, og starf Húmanistanna var í því innifalið að grafa upp gleymda fjársjóðu, en ekki í því að leiða í ljós nýjan sannleik.

[Niðurl. í næsta blaði.]



### Vegljóst.

Þegar hugans húmga lönd  
hafa leyst sín þokubond,  
vegljós þá er venum manns  
víður heimur sannleikans.

*Kristinn Stefánsson.*



## Einstaklingurinn og samfélagið.

Eftir Rev. H. Edw. Latham.



EGNA þeirra manna, er hugsa svipað þjóðmegunarfraðingnum er sagði; „undir eins og einhver ræðumáður þykist hafa fundið úrlausn á öllum vandamálum samfélagsins, sting eg upp á að fundi sé slitið“, skal eg taka það fram, að eg gjöri ekki ráð fyrirað hafa leyst þá gátu. Eg vildi aðeins benda á tvent, er mér finnst heill samfélagsins muni hvíla á.

Þetta tvent er *ábyrgðar-* og *skyldu-* tilfinning og *drengkaptur* einstaklingsins. Án þessa verður lítið úr framsför og umbóta tilraunum þjóðfélagsins. Líklega lætur þetta ekki sennilega í eyrum. Eg hefi orðið þess var, að mestar framfarir eiga að vera í ýmiskonar nýjungum, er þó oft gleyma að taka með í reikninginn innræti einstaklingsins eins og það kæmi málinu ekkert við. Hinu er tíðar gleynit, að sjálfstæði og ábyrgð einstaklingsins er fyrir öllu.

„Sé menn atvinnulausir, látum oss saka ríkið um það. Sé verzlunin dauf, kennum samgöngu málunum umi það. Sé menn ósjálfbjarga, þegar æfin haustar að, látum ríkið ala önn fyrir þeim. Sé borgum eða héröðum illa stjórnað, leggjum skuldina á atkvæðasmála og pólitíska yfirboðara og kennum þeim um alla klækina, (þó þess utan, vér þykjumst af því, að öll stjórn sé fólksins, fyrir það og frá því, vegna þess vér, almenningur, veljum vora embættismenn og fulltrúa.) Fari menn um koll í verzlun, segjum það sé stórgróðafélögum að kenna, er drepi alla samkeppni, eða þá tollinum. Þegar vér nú leggjum fram sem svarar hálfum fjórða dal á hvert mannsbarn í landinu í fataakra útsvar og ölmusur, þá er það fyrirkomulagi iðnarstofnana vorra að kenna.—Ethvað bogið við þær.“

Já, ekki er körlum og konum um að kenna! Ekki það, þó vér sjáum að árlega sé eytt meira en þremur biljónum dala

fyrir áfenga drykki, öðru eins fyrir tóbak og hálsu meira í glaspíl, veðmál og þ. h.

Púsundir ungra manna sökkva sér niður í lestur lélegustu sorprita, flækjast í klúbbsönum, flangra um göturnar, hópast að allskonar viðsjárverðum skemtunum, hirða alls ekkert um gæði, nyttsenii eða alvöruefni líssins sjálfs. Allt þetta látum vér svo bitna á kyrkjunni, kennum henni um allt þetta, af því þessir unglingsar dragast ekki þangað. Vér segjum að ræðurnar séu stirðar, óaðlaðandi, stofnunin sjálf útlisuð.

Faðir unglings pilts sagði við mig: „Pessir lýðháskólar vorir eru einskis virði.“ „Vegna hvers?“ spurði eg. „Drengurinn minn er hættur við skólann. Honum féllu ekki námsgreinarnar, hann hafði ekkert gaman af þeim. Það er eitthvað bogið við uppræðsluna nú á þessum dögum.“— Já, eitthvað bogið við lýðskólanu og uppræðsluna, af því þeir krefjast skila og ábyrgðar af hálfa nemandans! Langt frá, ekkert bogið við unglinginn, er flækist um göturnar, hangir við spilaborðin, eltir allar kvikmynda-sýningar, röltir á leikhús og danssali, alla þá daga æfinaðar sem hann ætti að sitja við skóla!

Nú fyrir hundrað árum síðan, héldu velhugsandi menn og konur að bót væri ráðin á helztu vandræðum þjóðfélagsins, er komið var á almennum barnaskólum. Eftir því sem alþjóðarskýrsla Mentamáladeildar Íslandjanna sýnir, lúka átta af hverju hundraði, er innritast í fyrsta bekk barnaskólans, námi við lýðskólann, en rúmt sextíu af hundraðinu kemst aldrei upp úr barnaskólanum! Mörg sambandsríki vor veita, auk kennslunnar, ókeypis, bækur, ritföng, læknis umsjá, flutning að og frá. Í sumum borgum er verið að biðja um að nemendum sé veitt fæði og klæðnaður, í viðbót, og þannig létt allri uppeldisskyldu af foreldrunum.

Á öllum lægri stigum tilverunnar verst foreldrið öllum tilraunum að láta rænast því valdi er það ber yfir afsprengi sínu, en fúslega elur önn fyrir því, þar til það er orðið svo vaxið að það er fært um aðala önn fyrir sér sjálft. Það er ekki fyr en vér komum upp til mannsins, þar sem sóttkveikjur ríkisafskiftanna eru búnar að vatnspynna skyldutilfinninguna svo mjög, að

vér finnum skepnur, sem eru glaðar og viljugar að þiggja það, að vera losaðar við allar foreldra skyldur. Í borg einni í Pennsylvania báðust rúmt hundrað námamenn leyfis hjá skólaráðinu að mega láta drengi sína, innan við þrettán ára aldur vinna við „mylning“. Sumir þessara drengja þekktu varla stafina. Margir feðurnir höfðu haft nærrí þrjá dali í kaup yfir daginn, í fleiri ár, en höfðu um leið eytt megin hluta þess, við drykkju og spil. Eins og ástatt er í þessari borg svo er í fleirum, fram og aftur um landið. Foreldrín eru ekki eingöngu viljug að lofa ríkinu að ala önn fyrir afkvæmum sínum, heldur leita þau hjálpar þess líka, til þess að ræna hold af sínu holdi og bein af sínum beinum.

Peir, sem muna eftir þeim tínum, þegar vér urðum að borga nokkuð af kennara kaupinu, ganga langa leið á skólann, kaupa allar bækur og skólaáhöld, hve mikils virði oss þótti, ekki einungis mentunin, heldur og líka bækurnar, myndi furða sig mikil á því, undir núverandi fyrirkomulagi ríkisumsjónar og fríveitinga, hve illa er farið með nýjar bækur og á örstuttum tíma rifnar, flekkaðar og eyðilagðar. Þessir hlutir eru nú svo létt fengnir, að þeir eru lítils metnir. Ætti stofnendur barnaskólanna að rísa upp nú á dögum, myndi þeir næstum láta hugfallast yfir sljóleika skyldutilfinningarinnar og manndómsleysi einstaklinganna.

Ein hin allra nýjasta úrlausn og allrameinabót þjóðlífsins er það, sem sumum þóknast að kalla „Félagssíðfræði Tuttugustu Aldarinnar“. Þessi nýja „Félagssíðfræði“ setur sér það mark, að fára iðnað undir almenn yfirráð og niðurjafna öllum efnahag. Þessi nýja úrlausn segir oss: „Margir hugsandi menn álita að framförin sé möguleg að sama skapi og manndómi mansins fer fram. En framför þjóðanna mælist eftir efna-afgangi og starfskrafti, þegar dregið er frá, það sem lífsviðhaldið kostar. Endurfæðinguna tefja ekki manndómslýti persónunnar sjálfrar, heldur gallar á félagslífinu. Sá eini mögulegi mælikvarði, um hvaða stigi þjóðmenningin getur náð, er hve mikla lískamlega fullkomnun er hægt að veita börnunum.— Stefna umbóta viðleitninnar er því samveldi fremur en siðfágun,

lífinagn fremur en dyggðir, verkhæfni fremur en mannkostir, samfélags jafnaður fjöldans, fremur en hugvitssemi og yfirburðir einstaklinganna. Það sem vér nú þurfum að gjöra, er að skapa hjá hverri einstu mannlegri veru, meiri verkhæfni, launa henni betur vinnu sína, gjöra hana heilsuhraustari og veita henni betri skilyrði fyrir farsælu heilbrigðu og þægilegu lífi."

Á átjándu oldinni var það Stjórnmálasiðfræði, er bæta átti úr öllu ranglaeti. Á nitjándu oldinni átti Mentunarsiðfræðin að flytja til vor þúsund ára ríkið á örstuttum tíma. Nú er það „Félagsfræðin“, þegar vér erum búin að færa undir yfirráð almennings allar félagsstofnanir og iðnaðar útvegi, er gjöra á úr oss öllum guði og engla. En hvernig „Félagssíðfræðin“ á að leysa úr öllum vandamálum þjóðfélagsins er þeim ekki vel skiljanlegt, er veit að kringumstæðurnar, hverjar helst sem eru, geta aldrei skapað fullkominnmann. Þær hafa og kannske ennþá, skapa manninn sem dýr, en sannur maður bíður aldrei eftir því að umhverfið skapi hann, heldur skapar hann sitt eigið umhverfi. Sagan hefði orðið skrásett mjög á annan veg, ef „Púritanarnir“ og „Pílagrímarnir“ (Landnemar Ný-Englands ríkjanna) hefði beðið eftir því að umhverfið leiddi í ljós hugsjónir þeirra, kæmi stofnunum þeirra á fót, og skapaði úr þeim sjálfum menn. Því látum vér náttúruna sjálfa, sem í sannleika er ekki annað en umhverfið sem vér lifum í, þjóna oss og hlíða? Nú á dögum fær erviðismaðurinn serfalt meira kaup en verkamenn fengu á dögum Shakespeares; en fylgir það því að hann sé margfalt göfugri maður en hinir voru fyrrum? Á þessum tímum eru mörg þægindi í hási erviðismannsins, er voru alls ókunn fyrir hundrað árum; en fylgir það að sjálfsgögðu að sa sem nýtur beztra þæginda sé beztur maður? Ennfremur skapi umhverfið oss, en vér ekki sjálf; til hvers er þá að vera að tala um að ráða fram úr vandræðum þjóðmálanna? Hver fær breytt kringumstæðum ef vér getum það ekki? Útheimtist ekki annað en að umhverfið sé bætilegt, til þess að ríki kærleikans og réttlætisins komi, því eru þá ekki þær megindygðir ætisð sýnilegar, þar sem umhverfi mannsins er eins fagurt og ríkmannlegt og framast verður hugsað.

Ætlum vér að lagfæra allt sem er ábótant í þjóðféluginu, með því að hrópa af húsbaki „Félagsfræðinnar“ að ástæðan fyrir því að menn eru „fátektar“ menn, sé sú, að þeir búi í lélegum leigu sbúðum og fái ekki nógum hátt kaup? Eða ástæðan fyrir því að þeir sé drykkjufist og spilaglópar sé umhverfinu að kenna? Að þeir eru latir, ráðdeildarkausir, óhagsýnir vegna kringumstæðanna? Að ástæðan fyrir því, að margur götusnápur er ósannsögull, hefir alt í frammí til að ná sem mestu út úr lískarfélögum, varast á allan hátt að snerta við vinnu; sé félagslifi hans og landstjórninni að kenna? Það ætla eg ekki, enda væri það vesöl síðfræði og verri trúfræði.

Trúin, sem sumit menn hafa á því að ummynda megi félagslífð með lagabreytingum og daga samþykktum, væri hún ekki eins aumkunarverð, er sannarlega hlægileg. Sannleikurinn er sá að þjóðfélag vort gæti ekki þrifist ef framfylgja ætti öllum slíkum lagaboðum er nú þegar hafa verið samþykt. Þau lög mishepnast mest er mest þvinga. Það er vegna þess að laga ákvæðunum er beitt í anda mænnúðar og frelsis, fremur en í þeim anda ersamdi þau, að þau eru liðin. Lög skapa aldrei kristið heimili og mannfélag. Og að láta sér hugsast, að með pólitiskum skottulækningum, er gjörbreyti lýði og landi í samveldi, innleiðist þúsund ára ríkið, útheimtar meiri trúgirni en sértrúarflokkurinn heimtar, er segir: „Þó vér missum fótinn vex á oss annar, eins og klóin vex á krabbann“. Hvorki í mannkynssögunni eða í lífsreynslu einstaklinganna finnst nokkuð er þetta fái sannað. Fjöldinn er ekki góður ráðsmaður né stjórnsamur.

Væri öll vinna eins illa af hendi leyst, eins og sú, sem bær, sveit, ríki eða þjóðin í heild lætur vinna, eða til dæmis, eins og póstmálin eða prentun opinberra skjala, myndum vér skjótt beiðast frelsunar úr greipum fjöldans. Rödd almúgans er ekki ennþá farin að sanna að hún sé rödd guðs.

Frumherji hefir fjöldinn aldrei verið. Hann hefir aldrei hafið nokkurt framfara fyrirtæki. Hann hefir, ekki eitt skifti, innleitt nýjar vélar né vísindalegar eða fjárhagslegar umbætur til mannfélagsins. Engin framför, verkfræði, fögrum listum, byggingafræði, hreinlæti, mentamálum, stjórnsfræði eða trúar-

brögðum, hafa nokkru sinni komið frá fjöldanum, heldur hefir hann af alesfi barist þar ávalt á móti: Engin pólitísk niðurjöfnun, eða samveldis niðurskipun mannfélagsins, hefir nokkru sinni, né mun nokkru sinni, skapa manndóms göfgi hjá þeim mönnum og konum, er framar öllu kjósa að vera ánauðugir þrælar allra sinna lægri hvata, og fylgja tilsgn allra sinna dýrslegustu eðlisávísana.

Heill hvers ríkis, og réttlætis og kærleiks þjónusta, hvílir og mun ávalt hvíla á manndómi einstaklingsins og ábyrgðar tilfinningu þjóðarinnar. Undantekningar liðið hljóta menn þá stjórn, er þeir óska eftir eða eiga skilið. Í Jesú Síraks bók stendur þetta: „Hann hefir sett eld og vatn fyrir framan þig, og þú mátt útréttu bönd þína í hvort er þú heldur vilt. Fram undan manninum er lífð og dauðinn, hvort sem hann heldur kýs, það mun honum veitast. Ef þú vilt, getur þú halddið boðorðin. Að auðsýna trúmennsku er í þínu eigin valdi.“

Pó segir jafn skynsamur höfundur eins og Dr. Wash. Gladdden, síðastliðinn vetur, í ræðu, er hann flutti í borginni Bangor, um síðferðis ástandið: „Peninga græðgi og ágiund á gull viðheldur ofdrykkju og ósiðferði. Menn eru fúsir að krenkja æru og álit samferða mannanna — bræðra og systra — steypa sálum þeirra í glötun fyrir skitinn gullpening.“ En mættum vér spyrja, hvað um bræðurna og systurnar, sem af fúsum vilja láta krenkjast á æru og mannorði, og steypa sálum sínum í glötun? Á móti hverjum áfengissala eru þúsund, að minnsta kosti, er sækja eftir viðskiftunum. Og á móts við hvert spillingarsetur eru heilir herskarar, er frjálst og frítt kaupa alt sem þar er á boðsstólum. Eða kannske vér ættum að segja sem svo, að til séu karlar, konur og börn í heiminum vegna þess, að til eru vefnaðar verkstæði, er vesa fataefni úr ull og baðmull, og skógjörðarhús, er búa til skó? Eða ættum vér að segja, að þessi vefnaðarverkstæði og skógjörðarhús sé til vegna þess, að til eru karlar, konur og börn, er bæði þarf að klæða og skæða? Gengur hesturinn fyrir vagninum, eða vagninn fyrir hestinum.

Öll umbóta tilraun og þollalegging er Sisyphusar ómak, og þjóðfélags spillingin, sem tilreyst var að útrýma, veltur til baka

Yfir mannfélagið, nema því aðeins að bæði menn og konur vaxi að manndómi og skyldutilfinningu, og velji og noti tækifæri, sem gefast til framfara og fullkomnara lífs. Menn geta valið skírlífi, dyggð, hófsemi, heilagt lífernir, eða kosið veginn, sem liggur til þjánings og aumlegs dauða.

„Sonurinn skal ekki gjalda föðursins, og faðirinn ekki sonatins; ráðvendain skal engum tilreiknast, nema þeim ráðvanda og óguðleikinn engum nema þeim óguðlega. Því vil eg dæma sérhvern yðar eftir sinni hegðan, segir Drottinn alvaldur.“

Eg man eftir, einn dag, nú fyrir nokkrum mánuðum síðan, að einn kunningi minn, sem hefir fjölda manns í þjónustu sinni, sagði við mig, að hann hefði, með stórum tilkostnaði, komið á nýju fyrirkomulagi á skrifstofunum, er taka skyldi í veg fyrir allan þjófnað skrifstofufjónanna. Nokkrar vikur liðu, og þá réðist eg til að spryrja hvernig þetta hefði tekist. Eg man vel eftir í hvaða róm hann sagði mér, að það hefði komið að engu, því ungur uppskafningur, þar á skrifstofunum, sonur heiðvirðs og heldur efnads manns, hefði komist í kringum það.

Nei, það er engin tilhögun ennþá fundin, er komið geti i stað manndóms og ábyrgðartilfinningar einstaklingsins, meðal allra stéttu í mannfélaginu. Fátækir eða ríkir, vitrir og fáfróðir, allir, hver og einn, þurfa á þeim dyggðum að halda.

Pessvegna, þegar eg sé þúsundir ungra manna, og þúsundir manna, sem ekki eru ungir, gjöra sig ánaða með að leggja sig eftir hinum lægstulifnaðarháttum, reiðubúna að svíkjast undan öllum ábyrgðarskyldum lífsins, fúsa að spilla manndómi sínum og þegnrétti að þarflausu, þá liggur mér við að segja, að ekki sé hálfa eins mikið að ríki og kyrkju eins og að þessum mönnum.

Ef menn ekki vilja leggja fram krafta sína, svo þeirra betra eðli komi í ljós, þá er skuldin ekki svo mjög hjá fyrirkomulagi þjóðfélagsins, eins og hjá þessum mönnum. Enginn niðurjöfnun getur búið til þjóð, af drengilegum, manndómsfullum mönnum og konum, úr hroða þeim, er sjálfviljuglega kýs að vera andlegir og vitsmunalegir dvergar og dyrgjur.

„Pessvegna, af ávoxtunum skuluð þér þekkja þá! Lesa menn vínber af þyrnum eða fískjur af þistlum?“

Verkefni kyrkjunnar er ekki að koma á fót einkaleyfislyfja annexiu, eða andlegum frystihús félagskappa, heldar að efla hjá mönnum hrelgunar og betrunar ásetning. „Því sérhvert trúþekkist af sínum ávexti.“

þótt úr CHRISTIAN REGISTER. §



## “EKKI ÚNITAR”

“EKKI Únitar, gettu betur!” má heita að sé svarið í April blaði Brbl., til Síra Kunólfss Marteinssonar. Við öðru er næumast að búast. “Ef þeir halda áfram að gefa í skyn, leynt og ljóst, að eg sé Únitar, þá sanní þeir það, eða sé minni menn ella.” En svo á höfundurinn samt von á að þeim takist það: „svo þeir sé sjálfir ánægðir með“. En fagnar yfir því jafnframt að þá verði í útskúfaða hópnun (Unitara hópnum?) „allir helzturnar íslenzkrar prestastéttar, andlegir leiðtoga allir, byskupar og prestaskóla kennarar“, því þeir sé sér jafn sekir. Enda kveðst hann hafa gengið út í þessa deilu *þeirra vegna*, því hann gat ekki þolað að þeir væri brennimerkir (kallaðir Unitarar?).

Ýmsum Unitörum hafði skilist að út í deiluna hefði hann gengið til liðsemdar við Unitara, af því hann gat ekki þolað að þeir væri brennimerkir, en vissi að þeir voru lítilmagninn hér, eftir fólksfjölda að dæma. Og það töldu þeir kærleiksverk. Aðrir Unitarar héldu að út í þessa deilu hefði hann farið vegna eigin samvísku, að hanin hefði ekki kunnað við að fela fyrir fólk þann sannleik, er honum væri aegljós. Svona villast getur manna. Nú er það ekki vegna lítilmagnans eða samvískeunnar né sannleikans, heldur vegna allra helzturna manna íslenzku þjóðarinnar, að verja þá falli og ávirðingu.

„Lærið af mér, því eg em hógvær og af hjarta lítillátur!“



# LAUN GUÐHRÆÐSLUNNAR.

Saga eftir

SOPHUS SCHANDORPH.

[Framhald].

— Já, ef allir karlmenn væri svona, þá væri hjónaböndin ekki eins óhamingjusöm. Og ef þessi herramaður,—hét hann Pétursson? —hét hann virkilega Pétursson? — Herra trúr, það var skritið, því hún hét líka Madama Pétursson — ef þessi herra vildi koma klukkan hálf tvö, þá væri enginn af lélegra fólkini kominn, og húsið væri tómt í meira en klukkustund, þá gæti það orðið ánægjulegt fyrir herra Pétursson — — og einnig fyrir hana, því meðan maðurinn hennar sálugi var kertasteypari, þá var hann varðskyttuliði, og hún hafði reyndar verið á tveim skytingadönum og dansaði við veitingamann af einrr stærsta veiti-húsini, er var foringi varðskyttulíðanna, en svo smá hnignaði Niels Péturssyni sálgaga og fell úr kertasteypustöðunni niður í það að verða veitingamaður; hann byrjaði með veitingastað fyrir finna borgara, sem nárgsinnis átu bæði gæsasteik og rauðkál, og þýzkur málari drakk jafnvel öl, sem var sjaldgæft í þá daga . . . . og það var nú ef til vill gott, herra Pétursson, ef það hefði aldrei fengið

þettí mikla vald, sem það hefir nú. En svo var hann alt af að sökkva dýpra og dýpra niður; en á þessi allra ófinasta veitingalúsi græddi hann samt mest, en hér varð hann að drekka enn þá meira en han, strangast sagt, hafði löngun til, en hjá því varð ekki komist; svo þegar hann dó út úr fyllirii, var hún alls ekki eins reið við hann, eins og í þann tíð, þegar hann drakk án þess að þurfa þess atvinnu sinnar vegna! Nú var þó hægt að segji um Niels sáluga Pétursson, að hann hefði dáid réttmætum dauð-daga.

Þegar P. J. Pétursson yfирgefða hana, fanst honum hún vera einstaklega skemtileg kona, sem talr aði reglulega vel máli sínu; það gat fjörgað hann, sem var þögull að náttúrfari. Guð mátti vita, hvort hún átti ekki talsverða skililinga auk hússins. —

Með hverjum degi féll honum betur og betur í geð að spjalla við hana. Hann bordaði í matsöluhúsini og hún skrafaði ein við hann á meðan. Honum fanst hann verða þess var — já, eins og finna á lyktinni, að hún ætti skild-

inga í fórum sínum auk hússins, og hreinskiliuslega útskýrði hún fyrir honum, hvernig veðskuldinni á fasteignínni var varið. Og þegar hann einhverju sinni spurði hana:

— Þakkið þér ekki guði fyrir, að yður hefir vegnað svona, Maðama Pétursson? Þá svaraði hún fljótandi í táraflöði:

— Jú, á hnijánum í rúmi mínu á lìverju kyöldi, herra Pétursson!

— Þér eruð guðhræð kona, sagði P. J. Pétursson, um leið og hann kyngdi niður fullri grautarskeið. Æ, hann varð þess svo illilega var, að hann mátti til með að skola hann niður með gúlsopa af öli, því hann hafði ekki reiknað það út, að vélindíð í honum gat ekki þolað sama hitastig og hjarta hans á þessu hátiðlega augnabliki. Þegar brunaverkurinn í vélindinu var liðinn hjá, lagði Pétur Jakob Pétursson skeiðina þvert yfir grautardiskinn, báðar hendurnar í hálfhring utan um hann, og lokaði svo hringnum með því að spenna greipar, kinkaði kolli þrisvar sinnunum hægt og hátiðlega og í eins flýrulegum róm og honum var mögulegt að þrengja upp úr sér:

— Madama Pétursson! .....

Hvað, Madama Pétursson? —

Brjóst madömnunar hófst upp og niður í hrikalegum oldum. Hán stamaði epp þessum orðum:

— Er það alvara, herra Pétursson?

Í stað þess að svara þurkaði P. J. Pétursson sér um munnin.

gekk hringinn í kring um bordið, kysti veitingakonuna og sagði: — Hí, hí, hí! Viljið þér þá verða Madama Pétursson í annað sinn? .....

Veitingamaður vildi Pétur Jakob Pétursson ekki vera. Húsid á Fornastíg var selt með ágóða. Ný giftu hjónin fluttu út að Austurbrú. Maðama Pétursson átti 6000 dali í peningum. P. J. Pétursson sagðist eiga nákvæmlega sömu upphæð, en vel gat það verið, að hann hafi átt meira en þrefalt það. Menn eiga aldrei að segja kvenfólkí alt, því, hversu skynsamir en þer kunna að vera, þá eru þær þó aldrei né verða karlmeni, og eftir því sem stendur í heilagri ritningu á maðurinn að vera konunnar höfuð.

Guð sé oss næstur! Við Austurbrú hafði Pétur Jakob Pétursson nurlað saman sína fyrstu skildinga. Þess vegna var og varð Austurbrú í hans augum himaskáldlegasti blettur í Kaupmannahöfn.

Já, hann og kona hans fluttu sumsé út að Austurbrú. Það var farið að lifna yfir Ástabrautinni. Gardarnir þar urðu að smávíkja fyrir nýjum húsum. P. J. Pétursson, er ekki hafði annað að gjöra, tók að líta í kring um sig og spryjast fyrir. Það var gróðavegur að kaupa hússtæði, byggja hús og selja. Og P. J. Pétursson keypti, felldi tré og umturnaði skemtigörð

unum, seldi ýmist auð hússtæði, hálfbögð hús, eða skifti á landeignum, græddi meira og meira. Svei..... , svei..... endalaust brall og kaupsamningsöl, og urgur við handiðnamenn, sem honum gafst stundum tækifæri til að beita brögðum. Já, það var hreint stórmerkilegt, að P. J. Pétursson, þrátt fyrir alt annríkið, gaf sértíma til að geta sér dóttur í heiminn.

Daginn, sem hún átti að skírast, varð hann fyrir þeirri óvæntu gleði, að vixill féll í gjalldaga, — víxill, sem hann átti hjá frænd gamla húshóna síns, grænsalannum í Austurbruárgötu, þeim, er fékk búðina, sem Pétur lærði grænmetissöluna í, og hann átti að réttu lagi — að sjálfss hans áliti — að fá við dauða húshóndans. Urta-salinn varð að loka búðinni; P. J. Pétursson spenti greipar og leit til himins og sagði:

— Þarna er hægt að sjá hvernig hinn réttláti guð hegningar, jafnvæl þótt hegningin komi seint.

Meðan á skírnarathöfninni stóð í kirkjunni gjörði hann það heit til guðs. að uppal aðóttur sína, er skírð var Pálína, í guðsóttu og sparssemi

Ekki nóg með þessu. P. J. Pétursson var reglulega hærður af því, að sjá hvernig forsjónin bæði hefndi fyrir hann og verndaði hann. Hann gjörði reglulegt á-hlaup á eigur sinar, því hann tök nokkurn hluta þeirra handa Pálínu lítlu. Það átti að geymast og á-

vaxtast unz hún yrði átján ára, frá þeim tíma átti hún að njóta vaxtanna á meðan hún lifði, og ef hún dæi ógift, átti upphædin að falla til kirkjunnar, sem hún var skírð í

— — —  
Já, já! — Það voru nú ánægju-dagarnir. Í frá þeim tíma hafði hann haft tómar skapraunir. Konan varð meira og meira einræðin. Dóttir þeirra varð með aldrinuna óþekkari og óhlýðnari. Konan varð eyðslusöm og heimtaði hita i tvær stofur eftir að þau fluttu yfir að Kristjánshöfn. Pétur var orðinn eldri, var búinn að selja flest-allar fasteignir sínar og langaði til að hafa næði heima, en það fékk hann aldrei. Nú var hann maður óhamingjusamur; konan hans réri daglega að því öllum árum að eyðileggja hann. Síðan hún varð heilsulaus — en það var víst ein-tóm ímyndun — hafði hún, dóttir þeirra og læknirinn, og ef til vill lyfsalinn að auk, gjört samsæri á móti honum, og nú heimtuðu þau dýrt vín handa henni! Já, ef þau hefðu látið sér nægja með þetta reglulega gómsæta einnar krónu portvín frá jurtasalanum, þá var það sök sér. Nei. Það varð að vera portvín fyrir 3 krónur frá einum dýrselklasti vínverzlanum.

Guði sé lof, það var sunnudagur! Þá gat hann þó fengið frið með því að fara til kirkju — og nú á tímum voru kirkjurnar líka upphitaðar — þá þurftu kvensurun-litu. Það átti að leggja í ofninn í dag-

verustofunni, því þá þurfti hann ekki að gjöra þeim óþægindi með því að reykja pípuna sína í svefnherberginu.....

Hann hrökk upp úr þessu langa hálf-vökum draumaástandi, eins og vant var, þegar hann var að rifja upp æfiferil sinn og var kominn að yfirstandandi merkideplinum í tilveru sinni.

— Get eg ekki fengið kaffisopa öskraði hann í gremju.

Hann heyrði fótatak inni i svefnherberginu.

— Eyðsluvargarnir ykkar — þú látið ljós loga enn þá — og þó kominn hábjartur dagur. Og auðvitað skíðlogar í ofninum, svo hægt væri að steikja heilan uxa á honum. Pá-lí-na! Fæg eg ekki kaffið mitt?

Svefnherbergishurðin var opnuð gætilega. Lítill, ung og grönn stúlka með allskörulegu söðulnefni, stórum, hyggnislegum og móleitum augum, klipptu dökkjörpu hári kom inn með kaffið, og hélt um undirskálina með litlu hvítu hendi inni sinni.

Hún leit ekki á föður sinn, en sagði:

— Mamma er mjög illa haldin.

— Svo.... Og til hvers er þá þetta dýra vín?

Dóttir hans svaraði ekki, en setti kaffibollann á borðið. Hún bjóst til að fara strax.

— Nú fer eg til kirkju, sagði Pétur.

— Einmitt það? sagði dóttir hans.

— Ætlarðu að koma með mér?

— Nei!

— Já, en eg vil hafa það.

— Getur verið, en eg verð heima hjá mömumu.

Pétur snökkti af gremju og fór að klæða sig í utanyfirfötin.

— Heyrðu, Pálina!

— Varstu að kalla á mig?

— Ef langa stelpan — hún, samkennslustúlka þín — kemur á meðan eg er í burtu, þá — þá —

— Er það ungfrú Hólm, sem þú átt við?

— Já, já, já — Pá, — þá —

— Hvað þá?

— Þá segðu henni, að eg hafi komist að því, að það sé hún, sem aftrar þér að ganga í guðs hús.

— Það hefi eg svo oft sagt henni.

— Svo þú hefir þá sagt henni það? En segðu henni einnig, að —

— Að hvað?

— Að ef hún ekki fari, áður en eg kem heim, þá hendi eg henni ofan endilangar tröppurnar.

— Já, eg skal gjöra það, sagði Pálina og brosti dáltið.

— Hvað, þú ert þá að hlæja?

— Nú fer eg til mömmu.

— Farðu í..... Hana, nú fór hún. Já, það eru dáindis skepnur, herna í húsinu. Þær geta sannarlega gjört guðhræddan mann nógur guðrækilega sinnaðan til þess að leita guðs ríkis og hans réttlætis í drottins húsi. Slik og þvílik hort-

gheitin í þessum stelpugræningja!

— Eg er að fara til kirkju.

grenjaði hana að síðstu svo hátt, að glumdi í öllu húsinu.

Áður en hann fór, læddist hana að ofninum og sneri spjaldinu i reykháfnum af þvíliku aflu, að hann þóttist vera viss um, að Þóttir sin myndi ekki geta opnað það, ef hún færí að stelast til að kveikja upp.

— Hí, hí, hí. Þarna lék eg þú á kerlingarnar! Leggi þær í ofninn, verða þær eins og reyktar sildir. Hí, hí, hí!

### III.

Ljósíð logaði alt af i svefnherberginu, því það sneri út að garðinum svo nefnda, sem var þó líkari reykháf en garði. Ofna- og eldhús-reykur, sót og svæla úr fjórum lyftingum veltist og þyrðist til um hann, eins og væri það i trölladyngju.

Litli lampinn stóð á bordinu við rúnið, sem veika konan lá í. Hún var hulin í hálfrökkru, en andlit stúlkunnar grillti að eins i i ljósmóðunni, og augun i henni lýsau eins og eldhnettir i rökkurglaetunni.

Loftið i herberginu var þungt og blandið meðalasýru; ofninn dró ekki meira en svo vel; þur og daun illur svarðareykurinn blandað saman við meðalasýruna, og byngdi andardráttinn.

Sjúklingurinn hafði óslitinn höstabarning og það sogaði og sand fyrir brjóstinu.

— Reistu mig upp, Palla, stundi hún.

Dóttir hennar vafði hanfleggjum um móður sína og reisti hana upp með erviðleikum. Andlit mæðgnanna komu nú í ljós-birtuna hvert við annars hlið. Nú, þegar móðirin var orðin mögur og fól, bar enn meira á þúfunefinu og augun voru orðin stórt aftur. En hvað þær gátu verið likar!

— Hvernig líður þér, mamma? spurði Pálína stynjandi undir byrðinni, því sjúklingurinn veittist henni erviður viðfangs.

— Ja, þegar eg sit svona uppi, þá léttir mér fyrir brjóstinu, og mér finnst mér liða scemilega vel. Æ.... þessi svarðareykur!.... Það er nú ein sérvizkan hans Péturs með þennan svörð, síðan hanu gekk i félagið um mómyrarnar á Jótlandi. Eg held, að eg yrði frískari, ef eg væri laus við móreyk. Er pabbí þinn farinn? Svo, ljúktu þá upp dagverðarstofunni.

Gufustrokan þyrlaðist út um opnar dyrnar, eins og andi manns úti í köldu veðri.

— Reistu mig við aftur og haltu mér við! Svona, nú finnst mér að eg sé orðin stálhraust.

Vegna likamlegrar áreynslu við hina vesalings sjúku móður sína og andlegrar út af harðettjórn föður sins, varð hin unga mey æst ógröm í skapi.

— Mamma, að þú skyldir nokkurn tíma geta tekið þvílikan..... þvílikan mann eins og hann, mælti

hún og krefti sína gróttu barnshönd í áttina til framlyranna.

Augialokin á Madömu Pétursson lúkust aftur. Hún hallaðist fast upp að vanga Pálinit. Þannig sat hún um stund. Alt í einu stakk hún andlitið feimnislega aftur fyrir hálsinn á dóttur sinni og hvísláði:

— Palla, hattu var nú samnarlegt engin leiðinda-kepna á yngri árum sínum, — það er að segja, þegar hann var svona rúmlega fertugur, eða í kríng um það. Ó, að eg hefði ekki það, sem eg losaði meðan eg var frísk, að segja þér hvernig það vilt saman orsakaðist — því iner hefir alt af gramist, þegar þú hefir verið svona illyrt um hanni föður sinn. Því, hversu marga galla sem Pétur hefir, þá er hann þó á marga vegu neftari maður en fyrri maðurinn mínn var, jafnvel þótt fyrri maðurinn mínn, hann Niels Pétursson, væri meinleysistrefill, sem hvorki gjörði ilt eða gott, hvort heklur hann var fullur eða óþrukkinn.

— Já, en nú þolir þú ekki að fala, mamma.

— Nei, eg veit það vel, en því lengur sem eg bið, þess verra verður það, Palla. — Gefðu mér clálitinn víndropa — svo vil eg helda segja það, eins og það er — hver veit, hve lengi líftóran tollir í mér. Slökktu ljósið, Palla! Því það er sneypulegt að segja börnum sínum slíkt og þvílikt. Eg vil ekki sjá framan í þig. Og svo mátt þú ekki hlægja, þó að eg tali

ekki málfræðislega og orðrétt, — svona eftir nýju rétritunarreglunum, sem eg þakka skaparanum fyrir, að hafa getað látið kenna þér Já, herra minn góður — þessi orð, sem eg segi nú, hefir þú kent mér, elsku stefpan nán! Þú hefir líka í þokkabóti fyrir allau laerdóminu, sem þú hefir fengið, kent mér alt, sem vesalings sauðarhöfuðið að iner getur tekið á móti. Eg tala þó alls ekki eins skakkt nú eins og þegar eg var veitingahúsmaðatna.

Frú Pétursson saup guðsopa af vortvini. Augun í heimi fóru nú að verða eins tindrandi eins og í dóttur hennar, og hinn létti roði, sem vínid kveikti í kinnini hennar, huldi hríkkurnar og meggurðina. Nú var hægt að sínunda sér, að mæðgurnar, þar sem þær sátu í rökkrinu, væri tvær misaldra systur, sem skrífðu saman í hjartan- trúnaði.

— Það var samnarlega ekki svo mjög vegna peninganna hans föður þíns — endi þó eg reynslar vissi að hann ætti ekki svo lítið — að eg tók honum, en við vitum vel, hvað orðið getur úr stórkauptmönnum, og þá sagði hann mér, að eiginlegri væri hann stórkauptmaður. .... Og sjáðu nú til, áður en eg giftist fyrri mannum ..... þá hafði mér ekki gengið að öllu leyti eftir óskum. En sá, sem eg var vinnustúlka hjá, var reglugerut stórkauptmaður — hann verzlaði með saltfisk, og þekti föður mínn, sem var hörmangari — en fyrir nokkrum árum las eg það í "Morgun

Berlingnóum" að hann væri ordinaetazráð. Og hefði fádir þinn að eins gjört sér far um, að vera meira nettmenni, og ekki verið eins smásálarlegur með ljós og eldivið — að vísu er hann ekki eins læður og minn — eins og fyrnefndi stórkauptaðurinn — en hann hefði þó vel getað verið orðin kammerherra, ef hann hefði laft dálitið brot af því, sem eg vildi kalla mannsbrag. Já, eg hefi vist ekki hagað mér eins og eg hefði átt að gjöra, þegar eg var i vist, því mér hafði aldrei verið kent að kvenfólk ætti að sjá um sig sjálfst . . . nei — nei — skilur þú nú, hvað eg á við, Palla? Þú gjörir það vís ekki?

— Ekki eitt einasta orð, mamma.

— Jæja, guði sé lof. Því tungan hleypur stundum með menn í gónur, Palla! En heyrðu, barnið mitt, ef eg hefði ekki tekið föður þínum, honum Pétari Jakob Pétursyni, lívar hefðis þú þá verið, ekki litla stelpan mínn? — Þá — já, þá hefði eg verið búin að gjöru út af við mig fyrir tuttugu árum. Öll þau ár, sem eg hefi haldið út þín vegna. Því eg sá býsna fljótt, að sá maður, sem tók fjögur herbergi á leigu, og varð bálvondur, ef lagt var í fleiri en einn ofn, myndi aldrei geta hafið sjálfan sig og því síður konu og barn blátt áfram sagt upp úr skítnum, eða, fyrirgefðu Palla, óhreinindunum. Þess vegna varð eg að reyna að koma þér upp úr honum, litla skinnið mitt. Kystu mig, Palla!

— Já, já, mammra minn! Eg hefi svo sem heyrtað allan þann gaura-gang, sem þú hefir orðið að hafa út af skólapeningum og timakenuslupeningum minn vegna.

— Já, stelpan minn, ha, ha! Æ, eg holi ekki að bleja. En eg stu-sífelt af matreiðslupeningunum, því eg kom honum til að trúa, að jærdómur þinn kostadí 14 krónum minna á hverjum mánuði, en hann í raun og veru kostadí. En ná-kant þú líka ökeind og útlendingu-nuнал svo vel, að þú getur tal-að við ráðherra og þvílika stórböfðingja, ef við leggi.

Pálina gat ekki fengið að sér að segja, að svo mikill árangur hefði þó ekki orðið að smáskildingunum, en klipvir voru af heimiliskostnæðinum. Til þess að komast hiá hví að svara, kysti hún móður sína í lmakkagrófina.

— Er hann þó ekki svín? hrópaði móðir hennar alt í einu. Þarea hefir hann hengt gráu ullatsokkena sína til þerris á brikkina á hægindastólnum framan úr stofunni og hefir borið hann hingað inn. Berdu hann fram í stofuna astur, Palla! Því það er þó reglulegur fj.... sóðaskapur, úr því að mena hafa nú stofu, að setja stofugögnum inn í svefnherbergið. Svo mikilli kerði eg þó, þegar eg var í vist hjá finu fölk, en Pétur er og verður aldrei annað en ómerkilegur maður. Og þó — þó hefi eg litid upp til hans. Og að eins vegna þess, að hann var karlmaður..... já, Palla! — eg gjöri þas

ekki til lengdar, og eg kenist aldrei lengra en það, að verða Maðlama Pétursson, enda þó sunrir kallí mig frú — en armáð líf er þó til, er ekki svæ? Þið hafið þó ekki lært í skóanum að útbyggja því, eða hvað?

— Nei, mamma, það höfum við ekki gjört.

— Jæja, því svo margar breytirgar hafa átt sér stað á þessum síðustu árum. En, sjáðu nú til, hegir eg sít þar uppi einhversstaðar, há innhyrsla eg mér, að eg geti liðlega lært að það, sem þú og hinrar kenslukonurnar hafa talað um, hegir þær hafa komið á sunnudagsmorgnum og hlýtt var í herberginu þínu, bæði um sjónleiki og bækur og sýningarnar í Kárlattuborg og um innvortis líffæri dýranna og mannanna og að það, sem eg nú sit undir og hlusta á eins og sauður. Og svo hegir einhver kenslukonan kemur heim til þín, þá kem eg að líkendum fljúgandi niður, svona alveg ósýnileg, og þá get eg sjálfsagt skemt mér við að hlusta á, því í þessu lífi hef!

eg verið þvískur heimiskingi, að eg hefi alt af steinsöfnad, nema þegar þú varst að tala, Pálfa, því þegar þið voruð að þrátta um eitthvað, þá fanst mér alt af þú hafa á réttu að standa, og eg læra dálitið af þeirri niðurstöðu, sem þú hafðir komist að um ýmisar bækur, stjórnmál og trúarbrögð, og eg get reyndar ekki neitað því, að eg gladdist yfir því, að það var þver-öfugt við skoðanir föður þíns. Svo að sá snertur af vísindingu, sem eg bar fyrir honum, er óneitanlega farinn út í veður og vind, síðan þú kemist til vits og ára og varðst kenslukona sjálf.

Rödd sjúklingsins varð veikari og veikari, unz orðin urðu að síðustu óskiljanleg og dóu út í hásu snörlí, sem að síðustu rann saman við hinn stutta og blístrandí andardrátt hennar í því hún sofnaði.

Dóttir hennar lagði höfuðid á henni gætilega ofan á koddanum. Hún gat ekki lengur risið undir líkamshunga móður sínnar, seit stöðugt var að aukast.

Framhald í næsta blaði.

## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglysinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa blaðsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gisli Jónsson, 582 Sargent Ave.